

Visir 16. júní 1938

## Nokkur orð.

### I.

Slagharpa er eitt af þeim orðum sem mér leiðist að sjá. Þegar talað var og ort um hörpuslátt og að slá hörpu, þá var það, eins og allir vita, ekki pianó sem átt var við. Harpa þýðir strengjahljóðfæri. Pianó-ið er réttnefnt hamraharpa eða hemra, og virðist það ekki óvið-feldnara en fortepiano eða klaver.

### II.

Tonn er annað orð ekki gott og meira notað en smálest. Virðist mér sem þarna mætti vel nota hið forna orð húfur, sem þýðir farmrými og þó smátt hjá því sem nú gerist. Húfur er því sömu merkingar og smálest, en hefir þann kost að vera styttra, þó að munurinn sé ekki eins mikill og á t. d. sýkill og sóttkveikja, eða kæfi og köfnunarefni. Slikar umbætur er ekki vert að meta of litils. Styttra orð má lita á sem höfuðstól, er heldur áfram að gefa vexti meðan orðið er notað, þar eð það sparar hæði efni og vinnu.

### III.

Þegar jeg samdi smágrein um háorð, sem prentuð er í bók minni Ennýal, gleymdi jeg hámerinni. En orðið þýðir líklega: hinn fagri fiskur sem hefir ugga er líkjast keifum. Er mikill munur á því, hversu hámerin er í alla staði fegri fiskur en frændi hennar hákarlinn. Úr því að eg minnist á fiska, mætti um leið geta þess, að það er miður heppilegt að skrifa ufsi en ekki upsi eða uppsi. Fiskurinn hefir verið svo nefndur vegna þess, hve mjög hann er uppi i sjó sbr. upsir á húsi. Fyrir þá, sem eru að læra náttúrusögu, er það mikils vert, að þeim sje sem best kent að sjá þann mun, sem er bæði í lit og vaxtarlagi öllu, á upsanum og náfrænda hans, þorskinum, og hvernig þennan mun má rekja til þess, að önnur fisktegundin heldur sig meir við yfirborð sjávarins, en hin við botninn. En þorskurinn hefir nafn sitt af því hver nytjafiskur hann er, því að orðið lýðir þar fiskur.

April—mai.

Helgi Pjeturss.